

Hilmar Trausti Harðarson:

ENDURFUNDIR

50

- Ég er að detta, segir hún tinandi.

- Nei, þú ert ekkert að detta, Halldóra míni, þetta er bara svimi.

Hún situr bundin í stól og nuddar frottesmekkinn á einfættu borðinu fyrir framan sig. Fyrir fimmtán árum var hún smá, en nú finnst mér hún vera orðin brothætt sem þrastaregg og varla þola dragsúginn. Punnt hárið er hvít og tekið saman í langa fléttu. Hendurnar æðaberar og lúnar, og grannir fingur hennar hafa trúlega skapað ófá sokkapörin um ævina.

Pegar ég var einn af smástrákunum í hverfinu óttaðist ég og dáðist að þessari litlu skrýtnu konu. Sumir okkar strákanna staðhæfðu að hún væri rammgóldrótt og sæist oft tína pöddur í

garðinum sínum seint á kvöldin. En við vorum allir samímála um að kerlingin væri áreiðanlega hundrað ára og alltaf úti í glugga. Hún var einhvers konar háoldruð hverfislögga. Það var nær lífsins ómögulegt að stela rabarbara óséður þegar hún var á vakt, en það var nær því alltaf. Einu skiptin sem hún sást fara út úr húsi voru þegar hún þurfti að fara í kaupfélagið að versla. Þegar hún læsti á eftir sér útidyrunum með grænt innkaupanetið í hendinni, vissum við að grænmetisgarðarnir voru varnarlausir næsta klukkutímann. En þjófnaðurinn varð einhvern veginn aldrei eins ánægjulegur þegar hún var fjarri. Álíka spennandi og eltingaleikur við sjálfan sig. Þegar við hnuplararnir sánum síðar lafmóðir á mjólkurkössunum í kjallaranum heima með fenginn; moldugar gulrætur, rabarbara og radísur, þá leið okkur alltaf hálffalllærисlega og höfðum yfirleitt ekki lyst á heilsufæðinu. Góssið endaði þá oftast í næsta kanínu kofa eða hesti.

– Er ekki kominn kaffítími? Á ég ekki að baka eitthvað? segir hún og lítur á mig.

– Nei, nei, þú þarf ekkert að hafa áhyggjur af því. Stelpurnar í býtibúrinu sjá alveg um kaffibrauðið.

– Ég get nú alveg bakað eitthvað ef ég þarf að vera hér.

Hún brýtur saman smekkinn en flettir honum jafnharðan í sundur aftur. Reynir síðan að standa upp en sætisólarnar sleppa ekki.

– Afhverju er ég með þessi bönd um mig?!

Og hverju á ég að svara?

Til þess að þú dettir ekki eða týnist.

– Lækninum finnst þetta best fyrir þig, segi ég og er þar með laus úr klemmunni. Fyrir fimmtán árum hefði mig aldrei órað fyrir því að þetta yrði atvinna mínn. Ég sem ætlaði að vera þyrlu-

flugmaður. Fyrir fimmtán árum kom þessi atvinnumöguleiki ekki til greina. Lögga, bófi eða bakari voru raunhæfir kostir. Sjúkralið! Ekki frekar en óperusöngur eða fiskvinnsla. Ég horfi á gömlu konuna. Reyndar hef ég aldrei verið svona nálægt henni áður og það er ekki laust við að það örli á gömlum ótta mínum. Býst jafnvel við því að hún þrífi í handlegginn á mér og hvæsi:

– Skilaðu gulrotunum, ormurinn þinn! En hún rær aðeins fram í gráðið og virðist nokkuð meinlaus, jafnvel góðleg. Allt í einu langar mig að vita hvort hún þekkir mig. Hvort hún man eftir andlitinu eða einstökum prakkarastríkum.

– Manstu eftir mér? segi ég hikandi.

Hún lítur ekki einu sinni upp, en rifur þess í stað smekkinn í tvennt og segir:

– Hérna hefur þú þá tvær rýjur, en nauðaðu ekki um fleiri, væni.

– Ég bjó einu sinni í sömu götu og þú, bæti ég við og legg höndina á öxl hennar. Hún lítur á mig með litlu gráu augunum sínum, en segir ekki neitt.

– Lítill prakkari úr hverfinu, ha, bæti ég við.

Hún lítur á mig með hneykslun. Rétt eins og ég hefði reynt að selja henni skítuga borðtusku.

– Átt þú þá ekki að vera farinn heim að sofa?

Kerlingin gerir mig heimaskítsmátt með þessum orðum og það eina sem ég get gert er að bjóða henni á klósettið.

Eftir hádegið kallað hjúkrunarfræðingurinn á mig inn á vaktina.

– Nennirðu ekki að hlaupa og gefa Halldóru þetta, segir hún og réttir mér botnfyllt lyfjastaup.

– Hún gleymdist alveg af því hún var bara að koma inn í

morgun. Páll læknir ordínneraði þetta. Er hún ekki búin að vera eitthvað óróleg? Bara, svona ...

– Það er ekki ólíklegt. Sonur hennar kom með hana í gærkvöld algerlega ráðþrota. Gamla konan hafði greinilega verið á leiðinni í búðina en fann allt í einu ekki leiðina heim. Leiðin sem hún hafði örugglega gengið þúsundir skipta var skyndilega orðin ókunnug. Hún fannst eftir töluverða leit á bekki með innkaupanetið, lengst úti í þorpi. Ömurlegt, þegar þetta gerist.

– Já, segi ég. Það er það.

– Jæja, hún er á fimm og tekur þau inn með súrmjólk, slaufar hjúkrunarfræðingurinn fyrir aftan, læsir lyfjaskápnum og sest niður við rapportið.

Þegar ég kem inn á stofuna er gamla konan komin upp í rúm og er að hlusta á Gufuna með augun aftur og teppi yfir sér. Persónulegir munir hennar komast nú allir fyrir í einni náttborðsskúffu þrátt fyrir langa ævi og ég sé að það er ekki alveg búið að taka upp úr töskunum sem gapa á móti mér. Á hvítu náttborðinu er lítið ættarmót og heilu fjölskyldurnar brosa til mína; innrammaðar og sumar svarthvítar. Útværpið frussar truflunum þegar ég geng að rúminu með súrmjólk í bolla.

– Halldóra mína, hvísla ég. Ég kom með lyf handa þér.

– Hornbjargsviti. Skyggni ágætt. Hiti fimm stig, segir konan í útværpinu.

En gamla konan í rúminu segir ekki neitt.

– Þér líður áreiðanlega betur af þeim. Losnar við béisítans svimann! Ég segi béisítans í þeirri góðu trú að ég hljómi alþýðulegur.

Hún opnar hægt augun og lítur til mína.

– Ertu kominn aftur, strákur?

– Já, ég kom með lyf handa þér.

– Var ég að biðja um þau?

– Nei, en læknirinn sendi þér þetta, honum fannst þér líða illa í morgun.

– Ég þekki hann ekki neitt, segir hún þvermáðskulega. Hvirra manna er hann?

– Það veit ég nú ekki, en hann er ágætur læknir, fullyrði ég.

– Fuss, ég kýs þá heldur einhvurn hómópata sem drepur mig í það minnsta óviljandi. Hún byrjar að setjast upp í rúminu.

– Jæja, komdu þá með þetta, ég fer hvort eð er einhvurn-tímann.

Ég hækka undir höfðinu á henni, fiska súrmjólk í matskeið og skreyti með Haldol.

– Þú vildir kannski hafa þúðursykur saman við þetta? Bæti ég við um leið og ég sting skeiðinni inn fyrir varir hennar.

– Þúðursykurinn er of mikil munaðarvara til að blandast þessum óþverra, segir hún og grettir sig.

– Á þetta að laga mig? segir hún vantrúuð.

– Þér líður áreiðanlega betur, segi ég þvert á samviskuna því ég get ekki séð að það sé nokkur skapaður hlutur að plaga konuna. Þvert á móti, hún er hin hressasta. Depurðin sem einkenndi hana um morguninn er á bak og burt og engin þörf fyrir pillurnar. Ég bý mig undir að kveðja hana og ganga út þegar hún segir:

– Ég man vel eftir þér, þú gast ekkert hlaupið. Ég lít á hana og sé hvernig litlu augun lifna við og munnvíkin titra af eftirvæntingu.

– Ég var með ilsig, er það eina sem ég get sagt.

– Þið voruð nú meiri ormarnir, það náði ekkert að spretta fyrir ykkur.

– Æi, maður var ungar og vitlaus. Þú hefur líklega oft viljað ná í rassgatið á okkur.

– Ég þurfti að fara út seint á kvöldin og laga til eftir ykkur. Þarna kom skýringin á næturbröltinu hennar. Hún hafði þá ekki verið að tína orma í seið eins og sumir okkar héldu.

– Fyrirgefðu, ég get reynt að bæta þér þetta upp núna, segi ég hálfsméðjulega.

– Nei, vertu ekki með þessi flírulæti hér eftir. Þið höfðuð líklega gott af grænmetinu. Allir með hor.

Hún horfir á mig rannsakandi frá toppi til tár og segir svo eftir svolitla stund:

– Svo þetta er það sem þú vildir verða. Er þetta skemmtilegt?

– Vinum mínum finnst þetta hálffallærilegt, segi ég.

– Það finnst mér líka. Þú færð ekki að baða mig þegjandi, segir hún og skellir upp úr.

Petta er í fyrsta skipti sem ég sé hana hlæja. Það er eins og ný manneskja fæðist fyrir framan mig, nýjar hrukkur taka til starfa og tárin streyma niður kinnarnar.

– Það yrði hálfbómerkileg baðför, flissar hún og slær sér á lær.

Ég get ekki annað en brosað þrátt fyrir aðförina að manndómi mínum. Dáðst að svörtum húmornum sem kerlingin lúrir á og notar sem sitt eigið meðal gegn elli kerlingu. Hún veit innst inni að hún á aldrei eftir að fara heim, en samt liggur hún þarna veinandi af hlátri. Ef ég lifi svo lengi að þurfa að horfa á eftir öllum þá væri þetta góður hæfileiki til að hlaupa upp á.

– Jæja, segir hún þegar hún hættir að hlæja. Drísfðu þig, bú ert eins og kría á steini þarna.

– Já, ætli maður verði ekki að fara að gera eitthvað. Við sjáumst aftur á morgun, ég á vakt þá.

– Jú ætli maður staldri ekki eitthvað við þegar það er búið að hafa svona mikið fyrir manni.

Þegar ég kem fram á ganginn heyri ég að kvöldvaktin er að taka inn rapportið.

– Svo er það Halldóra á fimm. Kom í gær. Er búið að líða illa í dag. Ættum að fara sérstaklega vel að henni.